

Kjósarhreppur
Ásgarði Kjós
276 Mosfellsbær

Garðabær, 27. maí 2022
Málsnúmer: 202205-0022
RTh/BK

Efni: Skipulagslýsing fyrir aðal- og deiliskipulag Hvamms og Hvammsvíkur

Vísað er til tölvupósts frá Skipulags- og byggingarfulltrúa Kjósarhrepps, dags 12. maí 2022, þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um skipulagslýsingu fyrir aðal- og deiliskipulag Hvamms og Hvammsvíkur í samræmi við 1. mgr. 30 gr. og 3. mgr. 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Um er að ræða breytingu á aðalskipulagi Kjósarhrepps 2017-2029 í landi Hvamms og Hvammsvíkur í Hvalfirði þar sem gert er ráð fyrir að stækka skilgreint svæði undir frístundabyggð um 30 ha. Samtals yrði skilgreind frístundabyggð, merkt F21 á uppdrætti, 53 ha. Samhliða er unnið að deiliskipulagsbreytingu. Markmiðið er að auka framboð lóða fyrir frístundahús, allt að 25 lóðum.

Náttúrufræðistofnun Íslands hefur kynnt sér skipulagslýsingu og vill koma eftirfarandi athugasemdum á framfæri:

Fyrirhuguð stækkun frístundabyggðar er í landi Hvamms og Hvammsvíkur norðan við Hvalfjarðarveg. Helstu vistgerðum og verndargildi þeirra sem byggðin mun fara yfir eru gerð skil í meðfylgjandi skipulagsgögnum. Vistgerðir sem fjallað er um eru skv. vistgerðakorti Náttúrufræðistofnunar Íslands. Þar er um að ræða graslendi með ríkjandi grasengjavist, stinnastaravist og snarrótarvist en einnig votlendisbletti þar sem starungsmýravist er ríkjandi og skógræktarsvæði.

Framkvæmdarsvæðið er almennt á vel grónu og framræstu mýrlendi sem í dag er því flokkað að mestu í graslendisvistgerðir, einkum grasengjavist sem er deiglent og gróskumikið graslendi vestan aðkomuvegs að Hvammi. Austan er starungsmýrafláki og skógrækt.

Skilgreint skógræktarsvæði nær allan suður í átt að strandlengjunni en aðeins hefur verið plantað í hluta þess, næst þjóðvegi/Hvalfjarðarvegi. Töluverður hluti þessa afmarkaða skógræktarsvæðis (skv. vistgerðarkorti) er votlendi. Náttúrufræðistofnun telur að takmarka ætti frekari skógrækt í votlendi en nýta frekar rýrara land í hraungambrauvist og melavistum innan skógræktarsvæðis.

Sama ætti að gilda um fyrirhuguð framkvæmdasvæði vegna frístundabyggðar, að leggja fremur lítt gróin svæði undir byggingar og hlífa vel grónum svæðum eins og kostur er. Þetta mætti einnig hafa í huga varðandi þegar samþykkt deiliskipulag á svæði F21 (merkt núverandi frístundabygg F21 23 ha, bls. 3 í greinargerð). Enn sem komið virðast framkvæmdir ekki hafnar eða stutt á veg komnar. Eftir því sem séð verður mun allnokkuð votlendi og grasengjar fara undir byggð. Mun byggðin m.a. liggja að jaðri 2 ha samfellds votlendis sem nýtur verndar skv. 61. gr. náttúruverndarlaga og jafnvel fara yfir hluta þess.



Með því að hlífa grónu landi við skógrækt og frístundabyggð má einnig draga úr neikvæðum áhrifum þessara þátta á vaðfugla en langflestir vaðfuglar forðast skóglendi sem og ýmis konar mannvirki. Bent er á nýlega grein, *Búsvæði og vernd íslenskra vaðfugla* í Náttúrufræðingnum (Tómas Grétar Gunnarsson 2020) en allir sem koma að skipulagsmálum í dreifbýli ættu að kynna sér efni hennar.

Áhrif framkvæmda verða nokkur á vel gróið land, m.a. votlendi og gróskumikið graslendi, sem og á fuglalíf en ekki óveruleg eins og fram kemur í greinagerð meðfylgjandi deiliskipulagsupprætti. Leitast ætti við að draga úr neikvæðum áhrifum framkvæmda á vistgerðir og fugla, sérstaklega innan votlendis.

Náttúrufræðistofnun áskilur sér rétt á frekari athugasemdum á síðari stigum.

Heimildir

Tómas Grétar Gunnarsson 2020. Búsvæði og vernd íslenskra vaðfugla. Náttúrufræðingurinn 90 (2–3) bls. 145–162.

Virðingarfyllst,

Borgný Katrínardóttir
Líffræðingur
Svið náttúruverndar

